

## Hestamannafélagið Sprettur

04. fundur, haldin þriðjudaginn 02.04.2013 kl. 18:00 í Heimsenda 12.

Mættir voru: Sveinbjörn Sveinbjörnsson formaður, Guðmundur Hagalínsson gjaldkeri, Þorvaldur Sigurðsson varaformaður, Hermann Vilmundarson meðstjórnandi, Brynja Viðarsdóttir meðstjórnandi, Hannes Hjartason meðstjórnandi og Ingibjörg G. Geirsdóttir meðstjórnandi .

### 1. Ritari félagsinnis

Hermann Vilmundarson skipaður ritari

### 2. Merki félagsinnis

GHL lagði fram fyrirspurn um hver ætti að velja merkið stjórn sammála um að reyna að velja merkið án utanað komandi hjálpar.

Í framhaldi af því voru merkin lögð fram.

HH lagðifram tillögur frá Hirti Hannessyni og Baltasar Samper

ÞS lagði fram tillögu frá Gísla B. Björnssyni og GH lagði fram tillögu frá Grétu Guðmundsdóttur.

Stjórnin tók sér nokkurra daga frest til þess að athugamálið.

ÞS ætlar að senda tillögurnar á stjórnarmenn á tölvutæku formi

Umræða var um merkin og vék HH af fundi á meðan.

### 3. Reiðskóli Spretts.

Engin formleg umsókn hefur borist hinnsvegar hefur komið fyrirspurn frá Oddrúnu Sigurðardóttur um rekstur reiðskóla í samstarfi við hmf. Sprett HV falið að klára málið.

### 4. Hestadagar 5.apríl hver gerir hvað?

Erla Guðný er búin að útvega kjötsúpu. Verka skipting stjórnar í þessu verkefni er: IGG/HH/GH/ÞS ætla að servera súpuna og hella uppá kaffi HV og SS sjá um að teyma hesta milli 18 og 19 á föstudeginum kl 18:00 er rennsli á æskan og hesturinn þurfum að finna einhver hesthús sem geta „boðið heim“ á sama tíma.

5. Skipulagsmál bréf frá Halldóri formanni reiðveganeftdar kynnt en þar fer hann yfir skipulag í kynningu GBÆ ljóst að mótmæla þarf fækkun reiðstíga. mótmæli?

ÞS og Halldór mæta á fund hjá Gbæ. SS boðar skipulagsstjóra Kóp og Gbæ á fund og fer yfir málin með þeim

6. Staða framkvæmda á kjóavöllum? Reiðhöll/ vellir/ viðræður við Kópavogsbæ/ umhverfismál

SS fór yfir stöðu mála og er hún eftirfarandi:

Vellir: Gróft séð er svæðinu að norðanverðu lokið, nema lokafrágangur og sáning. Vegna færslu ljósleiðarans var hluti jarðvegsskipta við syðri brautina eftir ca 20 %. Þar á einnig eftir að leggja yfirborðsefni á skeiðvöll og brautina. Lagningu regnvatnslagna er mikið til alveg lokið og verið að ganga frá lagnaskurði fyrir hitaveitu, vatnsveitu og rafmagn frá vallahúsi að reiðhöll.

Þá vantar að koma grúsarfyllingu í rétta hæð á aðkomuvegi og á miðsvæði/bílastæði, en því hefur verið frestað ítrekað vegna þess að við ætluðum að nota hluta fargfyllingarinnar í þann hluta, en það hefur ekki verið hægt vegna sigsins.

Reiðhöll:

Útboðsgögn verksins gerðu ráð fyrir að reiðskemmu/reiðsal væri skilað 15 september þannig að hann væri tilbúinn til notkunar en hinsvegar væri verkinu í heild skilað 31. Desember.

Tilboð Jáverks miðaði við að skila reiðsalnum 16. September og öllu verkinu um 11. Nóvember.

Nú er verkið um 4 vikum á eftir þeirri áætlun sem Jáverk lagði fram, er sú seinkun ekki af okkar völdum né Kópavogsbæjar nema þá að litlu leyti. Það stóð á byggingaleyfinu, eða öllu heldur það stóð á því að leggja teikningarnar inn svo fullnægjandi væri. Hinsvegar hefðu þeir kanski flýtt sé aðeins meir með þetta ef hefðu ekki vitað af vandamálinu með sigið.

Vonast eftir því að hægt væri að byrja eftir tvær vikur eða svo á verkinu og þá væri það um 6 vikum seinna en áætlað var. Að því tilskyldu að ekkert væri því til fyrirstöðu að reiðhöllinni væri skilað um áramót sem er þá ca 6 vikum seinna en tilboð Jáverks gerði ráð fyrir.

Til stendur að hitta að hitta fulltrúa Jáverks í vikunni til að fara yfir þetta með þeim.

Búið er að veita framkvæmdaleyfi fyrir Reiðhöll, þrátt fyrir að púði undir hluta af reiðhöll sé enn að síga. Hugmynd um reiðveg í kringum skeifu SS ætlar að viðra málið við ráða menn í Gbæ.

Ræddum einnig um hreinsunardag 23. apríl. Í tilkynningu sem umhverfisnefnd ber væntanlega í hús þarf að koma fram: Umhverfisdagur Sprettis felst í því að hreinsa umhverfið en ekki eigin hesthús.

Gjaldtaka fer fram við gáma við hreinsun úr eigin hesthúsum.

7. Tað mál ýta á skipulagsstjóra beggja sveitfélaga að koma og klára þessi mál með okkur.
8. Starfið framundan: vetrarleikar/ firmakeppni/íþróttamót/gæðingakeppni auk annara viðburða í tengslum við ferða og æskulýðsnefnd. farandbikarar félagsins stefnumótun? Eigum við að afhenda farandbikara? Lagt til að stjórn hugsí þetta til næsta fundar.
9. Undirritaður var nýr lóðarleigusamning um reiðhöllina(við skoðun komu fram rangfærslur í þeim fyrri)
10. Undirrituð tilkynning til RSK um nafnið Sprett og þar sem tilkynnt er nánar um félagið m.a pórúru.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 20:00  
Fundargerð ritaði Hermann Vilmundarson